
Glerárvirkjun II, Akureyri

Ákvörðun um matsskyldu


NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að Glerárvirkjun II á Akureyri sé ekki líkleg til að hafa að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingaleyfi Akureyrarbæjar skv. skipulagslögum nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, sbr. reglugerð um byggingarleyfi nr. 112/2012. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Sækja þarf um virkjunarleyfi til Orkustofnunar skv. raforkulögum nr. 65/2003 og einnig um leyfi til vatnsmiðlunar skv. vatnalögum nr. 15/1923. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018, sbr. breytingu á skipulaginu fyrr á þessu ári og fyrir liggur samþykkt deiliskipulag Glerárvirkjunar II.

Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 29. desember 2014.

 Skipulagsstofnun

24. nóvember 2014

INNGANGUR

Þann 6. október 2014 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Eflu verkfræðistofu, f.h. Fallorku, um fyrirhugaða byggingu Glerárvirkjunar II, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 3a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Akureyrarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Veðurstofu Íslands, Fiskistofu og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Akureyrarbæ með bréfi dags. 3. nóvember 2014, Fiskistofu með bréfi dags. 22. október 2014, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 31. október 2014, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 24. október 2014, Orkustofnun með bréfi dags. 15. október 2014, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 22. október 2014 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 23. október 2014. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfum dags. 29. október og 21. nóvember 2014. Skipulagsstofnun sendi fyrirspurnir til framkvæmdaraðila 31. október og bárust svör þann 4. nóvember 2014.

FRAMLÖGD GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að virkjunin felist í að stífla Glerá ofan hins eiginlega Glerárgils. Gert sé ráð fyrir að reisa inntaksstíflu í ánni litlu framan við neysluvatnslindir Norðurorku á Glerárdal í rúmlega 300 m hæð yfir sjávarmáli. Virkjuð fallhæð verði um 245 m og uppsett afl um 3,3 MW. Fram kemur að stíflan verði steinsteypt, um 5-6 m há, með yfirfalli, botnrás og inntaksþró. Við hvorn enda steypstu stíflunnar verði jarðvegsstífla með þéttikjarna en heildarlengd stíflunnar verði tæpir 90 m. Efnisþörf í stíflu sé áætluð um 7000 m³. Inntakslón verði milli 0,7-1,0 ha að stærð og heildarrúmtak þess tæpir 20.000 m³ og muni það ná um 200 m upp eftir farveginum en vatnsmiðlun verði hverfandi, nema til að jafna dægursveiflur. Vatnasvið ofan inntaks sé um 72 km². Fram kemur að meðalrennsli Glerár sé 3,0 - 3,5 m³/s en minnsta rennsli um 0,6 - 0,7 m³/s. Reiknað sé með að virkja rennsli sem nemur um 1,8 m³/s en að alltaf verði haldið ákveðnu lágmarksrennsli í Glerárgili.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að leggja niðurgrafna um 1 m svera að rennslipípu alls um 6 km leið frá inntaksstíflu að um 60 m² og allt að 7,5 m háu stöðvarhúsi 167 m hæð yfir sjávarmáli og frá húsinu verði grafinn um 2 m breiður og 10 m langur frárennisskurður að Glerá. Breidd framkvæmdasvæðis (rasksvæðis) meðfram pípu geti með litlum undantekningum verið um 20 m, þ. e. skurðstæði, slóði fyrir flutning pípu og haugsvæði fyrir uppgröft. Gengið verði frá pípustæðinu sem göngustíg á kafla en hluti framkvæmdanna er lagning slíks stígs alls um 6 km leið upp að stíflu en hann víkur frá pípustæðinu á köflum. Fram kemur að skipta þurfi um jarðveg undir pípunni á stuttum köflum og sé gert ráð fyrir um 10.000 m³ að aðfluttu efni til þessa og í burðarlag fyrirhugaðs göngustígs. Fram kemur að Glerárvirkjun II muni tengjast dreifikerfi Norðurorku á Akureyri með 11 kV rafstreng sem verði plægður niður frá stöðvarhúsi um 200 m leið að fyrirbyggjandi lögnum. Fram kemur að aðkoma að inntaksstíflu verði frá Hlíðarfjallsvegi, fyrsta hlutann eftir svonefndum vatnsveituvegi, sem þurfi að styrkja á kafla en síðan þurfi að leggja nýjan veg tæplega kílómeters leið að stíflunni. Aðkoma að stöðvarhúsi verði um nýjan, u.þ.b. 300 m langan veg frá Hlíðarfjallsvegi. Efnisþörf í vegi sé áætluð 16-20.000 m³ og heildarefnisþörf vegna framkvæmda því um 40.000 m³ en ekki hafi verið ákveðið hvaðan efni verði fengið. Bent er á að í nágrenni Akureyrar séu þrjár námur sem hafi farið í gegnum ferli mats á umhverfisáhrifum auk þess sem reynt verði að nota efni sem falli til vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Umhverfisáhrif. Fram kemur að áhrif virkjunarinnar á gróður, sem fari undir vatn, verði varanleg en um sé að ræða grasi- og lynggrónar áreyrar og gróður því ekki sérstæður Áhrif vegna lagningu pípu verði á tiltölulega mjóu belti og sé pípustæðið misvel gróið. Lagning pípunnar um efsta hluta þess raski vel grónum grasbökkum og hallamýri, miðhluti pípustæðisins sé á melum og mólendi og neðsti hluti pípunnar liggir um raskað svæði.

Fram kemur að þeir varpfluglar sem staðfestir hafi verið í athugunum séu allir algengir á landsvísu og á nærsvæði, fyrir utan smyrl en þó sé heiðagæsavarp svo nærri sjávarmáli og byggð fremur sérstakt. Fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki ógna sjaldgæfum tegundum né hafa merkjanleg áhrif á stofna þeirra tegunda sem um ræðir. Fram kemur að ekki sér útilokað að straumendur verpi á framkvæmdasvæðinu þó ekki hafi fundist um það merki í athugun en straumönd sé sú tegund sem líklega yrði fyrir áhrifum af rekstri virkjunarinnar vegna minnkaðs rennslis neðan stíflu sem gæti haft áhrif á fæðuframboð. Þar sem lágmarksrennslis um farveginn verði tryggt muni áin og lífríki hennar ná nýju jafnvægi þó fæðuframboð kunni að skerðast. Fram kemur að áhrif á fuglalíf almennt verði mest á framkvæmdatíma en gert sé ráð fyrir að allar framkvæmdir við stíflu og pípu á óröskuðum svæðum verði utan varptíma fugla.

Fram kemur að ekki hafi orðið vart við fisk í lífríkisrannsóknnum í Glerá en ekki sé útilokað að þar geti fundist fiskur en mjög ólíklegt sé að sjálfbær fiskistofn þrífist í ánni í Glerárdal þar sem áin sé köld auk þess sem hliðarlækir séu kaldir og skjóllitlir. Ekki verður séð að fyrirhuguð virkjun í Glerá myndi hafa neikvæð áhrif á hugsanlega fiskrækt í ánni, en ekki eru skilyrði til slíkrar ræktar við núverandi aðstæður í Glerá.

Fram kemur að áhrif virkjunarinnar á jarðmyndanir séu fyrst og fremst áhrif stíflu og lóns á sjálft árgilið, sem ekki geti þó talist sérstök jarðmyndun en árgil Glerár frá Bandagerðisbrú við Sólvelli að ármótum Glerár og Hlífár sé á náttúruminjasrá. Fram kemur að fossar njóti sérstakrar verndar og skuli forðast röskun þeirra eins og kostur er samkvæmt lögum um náttúruvernd. Nokkrir fossar séu í Glerárgili og verði neikvæð sjónræn áhrif á fossa vegna minnkaðs rennslis óhjákvæmileg að vetri til. Ekki verði um að ræða rask á jarðmyndunum sjálfum, þ.e. fossbrúnunum, og verði áhrifin því afturkræf. Fram kemur að stífla og lón sjáist ekki víða frá; fyrst og fremst úr hlíðum Glerárdals í næsta nágrenni stíflunnar en einnig úr bröttum hlíðum Háurinda og efstu hlíðum Hlíðarskálar og Hlíðarhryggs í 3-4 km fjarlægð, frá nokkrum köflum á vatnsveituvegi og úr lofti. Stífla og lón sjáist ekki af hefðbundinni gönguleið á Súlu, allt suður á Syðri-Súlu. Nýr vegur að stíflu og göngustígur verði sýnilegustu mannvirki frá gönguleið á Súlu og verði sýnileikinn mestur til að byrja með þar til rasksvæði hafi jafnað sig. Eftir það verði sýnileiki á móta og núverandi vatnsveituvegar og vatnsveitulagnar.

Fram kemur að ekki sé gert ráð fyrir að þekktum fornleifum verði raskað en fyrirhuguð mannvirki eru í grennd við skráðar fornminjar á tveimur stöðum. Fram kemur að fornleifafræðingur verði fenginn til að skoða rasksvæðið áður en sótt verði um framkvæmdaleyfi og að haft verði samráð við Minjastofnun Íslands varðandi endanlega legu mannvirkja nálægt fornleifum.

Fram kemur að fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir séu í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Akureyrarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Orkustofnunar, Veðurstofu Íslands og Fiskistofu kemur fram það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að helstu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði sjónræns eðlis og felist í nýjum mannvirkjum og minna rennslis í fossum í hluta Glerárgils og rask á votlendi á hluta pípuleiðar. Áhrif á fossa verði árstíðarbundin og afturkræf en áhrif á votlendi óafturkræf vegna lagningar pípunnar. Stofnunin telur að lögnin geti hugsanlega hindrað flæði vatns um hallamýrina. Til þess að draga úr neikvæðum áhrifum á mýrlendi ætti að grípa til mótvægisáðgerða ef mögulegt er t.d. með því að koma fyrir ræsum undir göngustíg sem fyrirhugað sé að leggja ofan á pípuþæðið. Framkvæmdin sé að mestu á svæði sem þegar hafi verið mikið raskað og beri yfirbragð mannlegra athafna. Að teknu tilliti til ofangreindra atriði telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að eftir föngum verði beitt mótvægisáðgerðum til að draga úr neikvæðum áhrifum á mýrlendi, t.d. með því að koma fyrir ræsum undir fyrirhuguðum göngustíg.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er bent á að í greinargerð um fyrirhugaðar framkvæmdir er notast við fornleifaskráningu frá 1998. Stofnunin hefur bent á í umsögn um deiliskipulagstillögu Glerárvirkjunar að komið hafi í ljós að staðsetning á minjum frá þessum fyrstu árum fornleifaskráningar, geti skeikað tugum metrum og í stöku tilfellum hundruðum metra og því ekki hægt að meta áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á fornleifar út frá þessum gögnum. Minjastofnun Íslands telur að að því gefnu að fornleifar verði skráðar og mældar inn og að fullt tillit tekið til þeirra við staðsetningu mannvirkis að höfðu samráði við stofnunina skuli fyrirhugaðar framkvæmdir ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að það sé rétt að stuðst sé við skýrslu Fornleifastofnunar Íslands frá 1998 en þó þannig að brugðist hafi verið við ónákvæmni í staðsetningu fornleifa með því að leita þeirra, staðsetja eftir föngum og bera saman við legu mannvirkisins. Fram kemur að texti í greinargerð hafi verið sendur Minjastofnun til óformlegrar yfirferðar og hafi svör ekki gefið tilefni til að breyta textanum eða fyrirhuguðu fyrirkomulagi við fornleifaathuganir vegna mannvirkisins. Framkvæmdaraðili hafi ráðið Fornleifastofnun Íslands til að deiliskrá fornminjar og hafi vettvangsvinna þegar farið fram og samkvæmt eftirfarandi fyrirkomulagi:

a) Deiliskráning frá inntakslóni og að göngubrú yfir Glerá. Reiknað er með deiliskráningu á öllu deiliskipulagssvæði norðan Glerár og að auki við lónstæði og stíflu sunnan ár.

b) Deiliskráning deiliskipulagssvæðis Glerárvirkjunar II í krika milli Hlíðarbrautar, Hlíðarfjallsvegur og Glerár, norðan Glerár.

c) Fornleifauttekt á 50 m breiðu belti sitt hvoru megin pípulagnar milli ofangreindra deiliskráningarsvæða a og b.

Í umsögn Akureyrarbæjar kemur fram bókun minnihluta skipulagsnefndar sem telur að ástæða sé til að Glerárvirkjun II skuli sæta mati á umhverfisáhrifum þar sem engar fullnægjandi rannsóknir hafi verið gerðar á rennsli Glerár á virkjunarsvæðinu, jarðfræði virkjunarsvæðisins sé að mestu ókönnuð og að áhrif þess á umhverfi og náttúru að taka broðurhluta vatnsrennslis úr Glerárgili efra, sem sé á náttúruminjasrá, hafi ekki verið metin. Auk þess er bent á að áhrif framkvæmda á útivist og ferðamennsku hafi ekki verið metin á fullnægjandi hátt.

Í svörum framkvæmdaraðila er bent á að samfelldar rennismælingar við stíflustæði liggi ekki fyrir, en áætlanir byggja á gömlum og nýjum mælingum við núverandi virkjun og reynslu af rekstri hennar. Rennslisupplýsingar á rekstartíma hennar eru reiknaðar út frá skráðri lónhæð og aflframleiðslu. Rennismælingar í stíflustæði samtímis rennismælingum við núverandi virkjun, gætu bætt nákvæmni áætlana, sérstaklega varðandi rekstraröryggi virkjunar og hagkvæmni. Þær hefðu hins vegar lítil áhrif á mat á áhrifum virkjunar á lífríki í ánni eða áhrif vegna rennislisbreytinga í Glerárgili. Rennsli í gílinu ræðst af þeim ám sem í Glerá renna neðan inntaks, auk þess lágmarksrennslis sem hleypt verður framhjá inntakinu. Þá er bent á að í tilkynningarskýrslunni er gerð grein fyrir hugsanlegum áhrifum á jarðmyndanir og kalla þau ekki á frekari jarðfræðiathuganir. Jarðfræðilegum, eða réttara að segja jarðtæknilegum athugunum í stíflustæði og pípustæði er þó ekki lokið en athuganir sem kalla á flutning tækja inn á óröskuð svæði þurfi ekki og muni væntanlega ekki fara fram fyrr en endanlega verði afráðið að reisa virkjunina. Fram kemur að þó að umhverfismat framkvæmdar hafi ekki farið fram er gerð grein fyrir og lagt mat á möguleg áhrif á ýmsa umhverfisþætti. T.d. voru áhrif virkjunar á fuglalíf könnuð/rannsökuð og metin af sérfræðingi og einnig hafi lífríki Glerár verið talsvert rannsakað auk þess sem sérstök athugun hafi verið gerð á fiskistofnum Glerár og fiskiræktarmöguleikum vegna virkjunarinnar og sé niðurstaðan að virkjunin hafi hverfandi áhrif á þessa þætti. Auk umfjöllunar í tilkynningarskýrslunni sé fjallað um útivist og ferðamennsku í áhrifamati aðalskipulagsbreytingar og í umhverfismati deiliskipulags fyrir svæðið.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu 3,3 MW virkjunar í Glerárdal ofan Akureyrar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði sjónræns eðlis vegna stíflumannvirkja, vega og minnkaðs rennslis í Glerá neðan stíflu. Eðli málsins samkvæmt hefur það í för með sér vatnsminni fossa í Glerárgili, einkum að vetrarlagi en fossar njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd og ber að forðast röskun þeirra eins og kostur er. Þessara neikvæðu áhrifa gætir þó ekki á umfangsmiklu svæði; m.a. eru stíflumannvirki og lón ekki sýnileg frá vinsælli gönguleið á Súlu. Þá telur Skipulagsstofnun að fyrirhuguð lagning aðrennslisþípu um mýrlendi kunni að hafa neikvæð áhrif á votlendið, umfram þau staðbundnu áhrif sem beint rask af lagningu þípunnar hefur í för með sér, ef hún hindrar flæði vatns um mýrina. Stofnunin tekur því undir með umsögn Umhverfisstofnunar að til þess að draga úr neikvæðum áhrifum ætti að koma fyrir ræsum undir göngustíg sem fyrirhugað er að leggja ofan á þípustæðið. Minjastofnun Íslands benti á í umsögn sinni að fornleifaskráning í greinargerð sé ekki fullnægjandi þar sem byggt væri á skráningu sem komin væri til ára sinna og hafi það sýnt sig að staðsetning fornleifa skv. henni væri ekki nákvæm. Fyrir liggur, skv. svörum framkvæmdaraðila, að vettvangsvinna á vegum Fornleifastofnunar Íslands hefur nú farið fram. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að fullt tillit verði tekið til fornleifa við staðsetningu mannvirkja að höfðu samráði við Minjastofnun Íslands. Skipulagsstofnun telur að áhrif á fugla á framkvæmdatíma kunni að verða nokkuð neikvæð en draga megi úr þeim áhrifum með því að halda framkvæmdum utan varptíma eins og framkvæmdaraðili fyrirhugar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Eflu verkfræðistofu, f.h. Fallorku, við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að bygging Glerárvirkjunar II sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningu hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi og byggingaleyfi Akureyrarbæjar skv. skipulagslögum nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, sbr. reglugerð um byggingarleyfi nr. 112/2012. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Sækja þarf um virkjunarleyfi til Orkustofnunar skv. raforkulögum nr. 65/2003 og einnig um leyfi til vatnsmiðlunar skv. vatnalögum nr. 15/1923. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018, sbr. breytingu á skipulaginu fyrr á þessu ári og fyrir liggur samþykkt deiliskipulag Glerárvirkjunar II.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 29. desember 2014.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson



Skipulagsstofnun